

# Sel Hönnun og smíði 3. bekkur 2020 - 2021

---

Kennarar: Eiríkur Hansson

3

## Lýsing

Nemendur teikna, hanna og saga út klemmuspjald. Það er spjald með þvottaklemmu til að geyma miða (til dæmis innkaupamiða eða minnismiða). Spjaldið er síðan þússtað málað og skreytt.

## Markmið:

Eins og segir í Aðalnámskrá er markmið námsins fyrst og fremst að gera nemendur sjálfstæða í verki, stuðla að vinnugleði og virðingu fyrir vinnu, þjálfra einbeitingu, iðjusemi og verkfærni. Í 3. bekk leggjum við áherslu á..... - Að nemendur öðlist færni í því að saga með útsögunarsög. - Að nemendur læri að koma sinni eigin hugmynd í fast form með því að teikna og smíða svo eftir teikningunni - Að nemendur læri að meta gildi góðrar yfirborðsmeðhöndlunar

## Námsefni:

Námsefni:

Nemendur saga út klemmuspjald úr krossvið. Hver nemandi teiknar sína hugmynd og breytir þannig hugmynd sinni í fast form. Lögð er áhersla á vönduð vinnubrögð og góðan frágang. Aukaverkefni í samráði við kennara ef tími vinnst til.

## Kennsluaðferðir:

Innlagnir fyrir hópinn, einstaklingskennsla og aðrar þær aðferðir sem þarf til að koma námsefninu til skila.

## Námsmat:

Námsmatið er framkvæmt með símati og er nemandanum gerð grein fyrir því jafnóðum eftir því sem kostur er. Við námsmat er litið til þess að nemendur: - Sýni dugnað og vinnusemi. - Sýni vandvirkni. - Séu skapandi - Fari eftir fyrirmælum

### SEL Hönnun og smíði 3. bekkur 2020 - 2021

- **Samantektareinkunn**

### SEL Hönnun og smíði 3. bekkur 2020 - 2021 - Mat á vinnubrögðum

- Fer eftir fyrirmælum og getur nýtt sér leiðbeiningar.
- Sýnir frumkvæði og sjálfstæði.
- Sýnir vinnusemi og vandvirkni.
- Leggur til eigin hugmyndir.